


Eyjafjarðarsveit
Jónas Vigfússon
Syðra-Laugalandi
601 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. september 2009
Tilvísun: UST20090700050/bs

Deiliskipulag hálandismiðstöðvar í Laugafelli og umhverfisskýrsla. Umsögn

Vísað er til bréfs Eyjafjarðarsveitar dags. 7. júlí 2009 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Um er að ræða endurnýjun skála í Laugafelli í stað eldri bygginga.

Í greinargerð með deiliskipulagi segir m.a.: *Ætla má að bygging skála á svæðinu sé afturkræf aðgerð þar sem unnt verður að fjarlægja sem næst öll ummerki um þá, gerist þess þörf. Þar sem helsta landslagsgerð svæðisins er örfoka sandauðn má álykta að tiltölulega auðvelt sé að afmá sem næst öll ummerki um framkvæmdir, byggingar, vegi og önnur mannvirkni. Í þessu ljósi má segja að umhverfisáhrif af uppbyggingu á svæðinu felist í sýnileika mannvirkja meðan þau standa en hvorki neikvaðum né varanlegum áhrifum á náttúrufar og landslag.* Með hliðsjón af ofangreindum sjónarmiðum telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

Björn Stefansson

Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri